

TILSKIPUN

55
3. febr.

um viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts
og eignarskatts í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer bjóðum hjermeð og fyrirskipum, samkvæmt
23. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignar-
skatts í Reykjavík á þessa leið:

1. gr.

Niðurfjöfnunarnefnd Reykjavíkur skal jafna niður gjöldum eftir efn-
um og ástæðum.

Frá 1. febrúar 1923 skal skattstjóri ríkisins í Reykjavík jafnframt eiga
sæti í nefndinni og vera formaður hennar. Niðurfjöfnunarnefnd skipa, auk
hans, 4 menn, er bæjarstjórnin kys til eins árs í senn á síðari reglulegum fundi
sínum í nóvembermánuði ár hvert, í fyrsta skifti þó jafnskjótt sem tilskipun
þessi öðlast gildi. Kjörgengir í nefndina eru þeir bæjarbúar, sem kjörgengir
eru til bæjarstjórnar.

Formaður nefndarinnar fær 600 króna þóknun á ári úr bæjarsjóði fyrir
starf sitt og hinir nefndarmennirnir 400 krónur hver, hvortveggja auk dýr-
tíðaruppbótar eftir þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um dýrtíðarupp-
bót á launum starfsmanna bæjarins. Ennfremur greiðir bæjarsjóður ríkissjóði
 $\frac{1}{3}$ hluta af skrifstofukostnaði skattstofunnar, að frátöldum launum skattstjóra.

Auk þeirra upplýsinga, er nefndin sjálf aflar sjer um hagi skattþegna,
skal hún, svo og sú nefnd, er bæjarstjórn felur athugun á útsvarskærum, hafa
aðgang að skýrslum þeim, sem skattstofan fær um hagi þeirra, eftir því sem
hægt er, án þess að í bága komi við vinnubrögð skattstofunnar. Fundi heldur
niðurfjöfnunarnefnd í húsakynnum skattstofunnar.

Nefndarmenn hvorirtveggja vinna skriflegt drengskaparheit að því, að
halda leyndu fyrir óviðkomandi mönnum öllu því, er þeir komast að í starfi
sínu um hagi manna.

55
3. febr.

2. gr.

Með tilskipun þessari er úr gildi feld 7. gr. laga nr. 49, 30. nóvember 1914. Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 3. febrúar 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

56

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láanborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að allgóður markaður fáist nú erlendis fyrir íslensk hross, en hinsvegar allmikið til af útflutningshrossum í landinu, sem landsmönnum yrði hagur í að losna við, í stað þess að bíða með sölu þeirra til næsta árs og eiga á hættu, að markaðurinn spillist, enda muni gott að losna við hrossin af fóðrum, þar sem heyskapartíð hefir verið mjög vond síðastliðið sumar á Norður- og Austurlandi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita þá undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907, að